



Afgreiðslufundur Byggingafulltrúa, haldinn í í kjallara Ráðhúss, fimmtudaginn 27. ágúst 2026 og hófst hann kl. 10:30

Fundinn sátu:, Brynjar Ólafsson starfsmaður, Dagný Hauksdóttir starfsmaður, Rannveig Ísfjörð starfsmaður

Dagskrá:

1. Skildingavegur 14 - 202605202

Björgvin Björgvinsson sækir um byggingarleyfi vegna breytinga á húsnæði að Skildingavegi 14. Sótt er um að breyta 2. hæð í íbúð og koma fyrir frönskum svölum á austurgafli. Húsið er steinsteypt, tvær hæðir, og er áfram gert ráð fyrir skemmu á 1. hæð, sbr. innsend gögn.

Heildarflatarmál hússins er 232,3 m² brúttó, þar af er 1. hæð 118,1 m² og 2. hæð 114,2 m². Lóðarstærð er 118,4 m² og nýtingarhlutfall 1,92.

Gert er ráð fyrir að nýta almenn bílastæði. Sorp verður staðsett á bæjarlandi í porti norðan megin við húsið.

Umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir vegna svalanna. Vegagerðin lagðist gegn upphaflegri tillögu um svalir á austurgafli vegna nálægðar við veghelgunar- og öryggissvæði Skildingavegar. Í framhaldi hefur Vegagerðin staðfest að hún geri ekki athugasemd við franskar svalir með útskögum að hámarki 30 cm.

Teikning: Björgvin Björgvinsson

Niðurstaða

Umsóknin felur í sér afnot af bæjarlandi fyrir sorpílát. Umhverfis- og skipulagsráð tekur afstöðu til afnota af bæjarlandi.

Byggingarfulltrúi vísar umsókninni til Skipulagsráðs með vísun í gr. 2.4.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:44.